

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns barnsföður tilgreina nafnúmer hans og fæðingarstað, svo og heimilisfang hans, stöðu hans og atvinnustað á þeim tíma, er meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

2. gr.

11. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 3 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram. Þó getur tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur til barnsmóður allt að 18 mánuði aftur í tímann, ef um sérstakar ástæður er að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á. Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnsmeðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, en ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

3. gr.

15. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram jafnhliða frumvarpi til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem ætlað er það aðalhlutverk að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins útlögð meðlög vegna barnsfeðra, sem eiga framfærslurétt hér á landi, og innheimta slík meðlög hjá barnsfeðrum.

Frumvarp þetta felur því í sér þær breytingar, sem leiðir af breyttu skipulagi þessara mála skv. téðu frumvarpi um Innheimtustofnun sveitarfélaga, svo sem að Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiði Tryggingastofnuninni barnsmeðlög, og áskilnað um ýtarlegri upplýsingar í meðlagsúrskurðum en áður var. Þó er sú efnisbreyting gerð, að almennt verður Tryggingastofnuninni ekki skylt að greiða meðlög, sem eindöguð eru meira en 3 mánuðum áður en greiðslukrafa kom fram. Tryggingaráði, er þó heimilt að víkja frá þessari reglu og heimila greiðslu meðlags allt að 18 mánuði aftur í tímann, ef barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á því, hve seint greiðslukrafa kom fram.

Ljóst er, að það er þýðingarmikið atriði til að ná góðum árangri í innheimtu gagnvart barnsföður, að ekki hafi safnast fyrir til innheimtu stórar meðlagsfúlgur, heldur sé unnt að innheimta kröfur reglulega. Það virðist ekki þjóna neinum skynsamlegum tilgangi, að meðlagskröfurétturinn verki almennt lengra aftur í tímann en hér er gert ráð fyrir.

Vegna breytts orðalags 2. mgr. 11. gr. laganna er ákvæði 15. gr. óþarft og úrelt, og þess vegna er lagt til, að sú grein falli niður.